



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 18. febrúar 2022

Tilvísun: 2022010212

Alþingi
Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

24. þingmál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta)

Vísað er til umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis sem barst embættinu þann 26. janúar 2022 vegna endurflutts frumvarps til laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). Ríkislögreglustjóri vill af þessu tilefni koma neðangreindum athugasemdum við frumvarpið á framfæri.

Ábendingar embættis ríkislögreglustjóra

Lagaleg þróun hér á landi á síðustu misserum hefur verið í átt að skaðaminnkandi stefnu í fíkniefnalöggjöf. Kjarni skaðaminnkandi nálgunar felst í því að taka mið af einstaklingnum, þarfa hans og leitast þannig við að styðja við hann og hjálpa í stað þess að refsast viðkomandi. Markmiðið er þá annars vegar að hjálpa einstaklingnum og hins vegar að leita annarra leiða en refsinga til að hafa áhrif á hegðun og draga úr líkum á ítrekun. Ríkislögreglustjóri vill í þessu sambandi fá að vekja athygli á nokkrum atriðum sem tengjast núverandi stöðu við framkvæmd hjá lögreglu í tengslum við fyrirbyggjandi frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að varsla neysluskammta fíkniefna til eigin nota verði gerð refsilaus. Þau viðmið sem sett eru fram í 1. gr. frumvarpsins um hvað teljist til eigin nota taka ekki tillit til tegunda efna og horft er til magns efnis sem nær til neysluskammta fyrir 10 daga. Ríkislögreglustjóri vill í þessu sambandi benda á að algengasta magn efna sem hingað til hafa talist til neysluskammta er í kringum 1 gramm af fíkniefnum. Velta má því fyrir sér hvaða forsendur liggja til grundvallar þessu viðmiði um tímalengd, 10 dagar, og hvort þetta viðmið muni ekki skapa verulega auknið svigrúm til markaðssetningar, sölu og dreifingar fíkniefna en slíkt gæti haft andstæð áhrif við markmið lagabreytingarinnar. Þá telur embætti ríkislögreglustjóra afar mikilvægt að það liggi fyrir hvernig lögregla eigi að meta hvort að efni í fórum einstaklings séu sannarlega innan viðmiða um neysluskammta hvað varðar mælanlegt magn og eftir atvikum eftir tegund.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að neysluskammtar til eigin nota verði ekki gerðir upptækir hjá einstaklingum eldri en 18 ára. Huga þarf vel að aldursviðmiðum og þeirra bjarga sem lögregla hefur þegar upp kemur grunur um neyslu fíkniefna. Þannig er horft til þess í frumvarpinu að afglæpavæðing nái til einstaklinga óháð aldri en ekki er vikið sérstaklega að því hvernig viðbrögð skuli vera gagnvart einstaklingum á aldrinum 15 til 17 ára, þ.e. einstaklinga sem teljast sakhæfir en teljast á sama tíma börn samkvæmt skilgreiningu laga. Ef um er að ræða börn í lagalegum skilningi


RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

er umhugsunarvert að ekki séu lagðar til sérstakar aðgerðir. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að áfengiskaupaaldur miðar við 20 ár. Þá vísa rannsóknir til þess að áhrif fíkniefnaneyslu geti verið mun meiri á ungmenni þar sem líffræðilegum, félagslegum og sálrænum þroska er oft ekki náð. Því er mikilvægt að leitast við að fresta neyslu til að minnka alvarleg áhrif hennar. Líta þarf á þetta heildstætt.

Hafa þarf í huga í tengslum við efni 4. gr. frumvarpsins, að mat á árangri þarf að vera mælanlegt en það felur í sér að sett séu skýr markmið og ákveðið fyrirfram hvernig þau skulu mæld, ekki eftir á. Þá er ekki fjallað um innleiðingarmat sem m.a. felur það í sér að því sé fylgt eftir að lögin séu að nái þeim markmiðum sem stefnt er að með lagasetningunni. Þannig sýnir reynsla erlendis frá að breytingar á lögum einar og sér hafa takmörkuð áhrif, aðrar aðgerðir sem farið er í samhliða og miða að því að ná fram settum markmiðum eru mun líklegri til árangurs. Því þarf að leggja til fjármagn til að tryggja að hægt verði að fara í slíkar aðgerðir en meintur sparnaður sem vísað er til í 4. gr. mun líklega ekki skila sér enda eru brot sem tengjast vörslu og neyslu fíkniefna jafnan tengd öðrum brotum svo sem umferðarlögum, þá sérstaklega banni við akstri undir áhrifum fíkniefna. Huga þarf að því að sinna þarf þessum verkefnum áfram þó svo ekki komi til sektar vegna vörslu fíkniefna en eitt af markmiðum fyrirliggjandi frumvarps, sbr. 4. gr., er að nýta það fjármagn sem „sparast í kjölfar afglæpavæðingar til þess að koma betur til móts við fíkniefnaneytendur með áherslu á skaðaminnkun“.

Í 5. gr. frumvarpsins er miðað við að lögin taki gildi 1. júní 2022. Embætti ríkislögreglustjóra telur brýnt að tryggt verði að reglugerðin taki gildi á sama tíma og lögin, að öðrum kosti verði til staðar lagalega óvissa enda ekki tækt að skilgreining á neysluskammti í lögnum liggi ekki fyrir þegar lögin taka gildi. Brýnt er að skilgreining á mörkunum fyrir hvaða magn efna teljist neysluskammtur og eftir atvikum eftir tegundum efna liggi fyrir.

F.h. embættis ríkislögreglustjóra



Helgi Valberg Jenson
yfirlögfræðingur